



Kópavogsbær

Menntasvið Aðgerðaráætlun 2023

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026



M 1.1 Læsishæfni í víðum skilningi

M.1.1.1.1 Vinna að mótun nýrrar og heildstæðrar læsisstefnu til næstu 5 ára sem hefur að markmiði að efla læsi í víðum skilningi. Með nýrri læsisstefnu fylgir framkvæmdaáætlun.

Mælikvarði: Hefur ný læsisstefna verið samþykkt og sett í framkvæmd fyrir árslok 2023?

Framgangur: Ekki tókst að uppfylla mælikvarða, vinna við verkefni umfangsmeiri en gert var ráð fyrir. Verkefni færast yfir á 2024.



M.1.2 Lærdómssamfélag fyrir alla

M. 1.2.1.1 Stofnaður þróunarhópar um innleiðingu Góðs grunns í tveimur nýjum skólum sem skila skriflegum tillögum og skýrslu um stöðu innleiðingar fyrir lok árs 2023.

Mælikvarði: Skriflegar tillögur um innleiðingu frá 2 grunnskólum ásamt skýrslu.

Framgangur: Mælikvarði náðist og verkefnið heldur áfram, aðgerðaráætlun fyrir 2024 er tilbúin.

M.1.2.3.1 Í hverjum leikskóla og grunnskóla verði stofnuð lausnateymi sem hafi það hlutverk að vera kennurum til ráðgjafar og stuðnings í einstökum málum í þeim tilgangi að stuðla að því að barn fái nám og þjónustu við hæfi í samræmi við stefnu um menntun fyrir öll börn.

Mælikvarðar: Hlutfall lausnateyma sem hafa verið stofnuð í leik- og grunnskólum fyrir lok árs 2023 (85% viðmið). Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir með breytt fyrirkomulag og upplifa stuðning í starfi (ámik 80%).

Framgangur: Mælikvarði náðist ekki, unnið hefur verið að því að finna nýjar leiðir að markmiðum og aðgerðaráætlun fyrir 2024 er tilbúin.



M.1.3 Virk þátttaka barna í ákvarðanatöku

M.1.3.1.1. Markviss stuðningur við skólastjórnendur í grunnskólum við skipulagningu og framkvæmd skólaþinga meðal nemenda í hverjum skóla.

Mælikvarði: 100% grunnskóla halda skólaþing árið 2023.

Framgangur: Mælikvarði náðist, verkefni hefur verið fest í sessi.

M.1.3.2.1. Móta heilstætt verklag fyrir og framkvæma (innleiða) lýðræðisverkefnið "Okkar skóli" í öllum leik- og grunnskólum Kópavogs skólaárið 2022-2023. Vinna mat á framkvæmdinni í kjölfarið.

Mælikvarði: Verkefni framkvæmt í skólum.

Framgangur: Mælikvarði náðist, verkefni hefur verið fest í sessi.

M.1.3.3.1 Efla markvisst stuðning til kennara með fræðslu og námskeiðum um nemendamiðaða kennsluhætti í því miði að nemendur verði virkari þátttakendur í eigin námi og sýni meiri ábyrgð á því.

Mælikvarði: Hlutfall nemenda í grunnskólum sem upplifa aukna virkni og þátttöku í eigin námi hækki um 5% 2023 í samanburði við 2022.

Framgangur: Mælikvarði náðist ekki - stóð í stað. Stofnað var lærdómssamfélag deildarstjóra.



M.1.3 Virk þátttaka barna í ákvarðanatöku

M.1.3.4.1 Halda áfram innleiðingu Réttindaleikskóla sem byggja á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, í samstarfi við UNICEF.

Mælikvarði: 50% starfandi leikskóla séu orðnir réttindaskólar eða hafi hafið innleiðingarferli í árslok 2023.

Framgangur: Mælikvarði náðist. Verkefnið heldur áfram á árinu 2024.

M.1.3.5.1 Halda áfram innleiðingu Réttindagrunnskóla í samstarfi við UNICEF ásamt frístund og félagsmiðstöðvum viðkomandi grunnskóla.

Mælikvarði: Þrír grunnskólar hafi hafið innleiðingarferli sem réttindaskólar fyrir árslok 2023.

Framgangur: Mælikvarði náðist. Verkefnið heldur áfram á árinu 2024.



M.1.4 Virðing fyrir fjölbreytileika og ólíkum menningarheimum

M.1.4.2.1 Innleiða stöðumat fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku þegar þeir flytjast til Kópavogsbæjar.

Mælikvarði: Hefur stöðumat verið innleitt í alla grunnskóla í lok árs 2023.

Framgangur: Mælikvarði náðist ekki. Verkefnið heldur áfram á árinu 2024.

M.1.4.2.1. Móta fræðslu og stuðning um móttöku ÍSAT nemenda í grunnskólum Kópavogs. Setja á fót móttökuteymi kennara, forstöðumanna frístunda og félagsmiðstöðva að lágmarki í 4 skólum sem munu hafa umsjón með þessu starfi innan viðkomandi skóla. Búa til samráðsvettvang milli teyma með því fá þau til að funda saman að lágmarki einu sinni á önn.

Mælikvarði: Fjöldi teyma sem taka til starfa innan grunnskóla Kópavogs (viðmið lágmark 4 grunnskólar)

Framgangur: Mælikvarði náðist ekki. Leiðir að markmiðum eru í endurskoðun.

M.1.4.3.1 Greina og meta framsetningu upplýsinga til foreldra barna með annað móðurmál en íslensku og leggja fram tillögu um málstefnu hvað varðar upplýsingaflæði í málaflokknum. Fært yfir á 2024 með breyttri áherslu

Mælikvarði: Liggur tillaga um málstefnu hvað varðar upplýsingaflæði til foreldra barna með annað móðurmál en íslensku fyrir lok 2023?

Framgangur: Mælikvarði náðist ekki. Aðgerð var endurskoðuð og verður unnin á árinu 2024.



M.2.1 Samræmt þjónustustig í þágu farsældar barna

M. 2.1.1.1 Auka tíma talmeinafræðinga í grunnskólum svo að ekki myndist biðtími frá athugun talmeinafræðings og talþjálfun sem á að fara fram í grunnskóla.

Mælikvarði: Mældur biðtími eftir að talmeinafræðingur skilar niðurstöðu um þörf fyrir talþjálfun í One Systems og þar til talmeinafræðingur hefur talþjálfun (mál í úrvinnslu í One) skal vera innan við mánuður í 80 % tilvika á haustönn 2023.

Framgangur: Mælikvarði óviss. Aukið fjármagn til talþjálfunar kom til framkvæmda í skólabyrjun 2023. Ekki er hægt að taka út marktæk tölfræðileg gögn fyrr en skólar lýkur í vor. Jafnframt þarf að samræma verklag hjá talmeinafræðingum.



M.2.2 Heilbrigði og vellíðan barna í forgrunni

M. 2.2.1.1 Vinna viðmið fyrir forvarnaráætlanir skóla- og frístundastarfs.

Mælikvarði: Viðmið aðgengileg fyrir skóla- og frístundastarf.

Framgangur: Mælikvarði náðist ekki. Unnið hefur verið markvisst að verkefninu en umfang reyndist meira en áætlað var og heldur áfram á árinu 2024.

M.2.2.2.1 Eineltisáætlanir í skóla- og frístundastarfi rýndar og uppfærðar í samræmi við samþykkt viðmið.

Mælikvarði: Eineltisáætlanir í skóla- og frístundastarfi rýndar og uppfærðar í samræmi við samþykkt viðmið.

Framgangur: Mælikvarði náðist ekki. Verkefnið heldur áfram á árinu 2024.



M.2.2 Heilbrigði og vellíðan barna í forgrunni

M. 2.2.4.1 Auka samfellu milli elstu deilda leikskóla og yngsta stigs grunnskólastiga í innleiðingu vináttuverkefnisins Blæs með mótun nýs verklags í því miði að auka samþættingu í starfi kennara milli skólastiga.

Mælikvarði: Hefur verið mótað og komið á verklagi um samfellu og samþættingu á milli skólastiga í tveimur skólahverfum Kópavogs.

Framgangur: Mælikvarði náðist ekki. Verkefnið færist yfir á árið 2024.

M.2.3 Ófullnægjandi skólasókn

M.2.3.1.1 Innleiða verklag um samþætta þjónustu sem hefst innan tveggja mánaða frá því að skráning um skólasóknarvanda berst til menntasviðs.

Mælikvarði: Hlutfall skráninga til menntasviðs um ófullnægjandi skólasókn þar sem skrifleg stuðningsáætlun um samþætta þjónustu með stuðningsteymi og tengilið eða málstjóra liggur í One Systems fyrir innan tveggja mánaða frá því að skráning berst menntasviði sé 80 - 100% í lok árs 2023.

Framgangur: Mælikvarði náðist ekki. Nýtt verklag hefur verið lagt fram. Áfram verður fylgst með fjölda skráninga um ófullnægjandi skólasókn, biðtími inngripa verði stytur og lögð verði fram viðbrögð til úrbóta vegna mætingar í grunnskóla. Verkefnið verður unnið áfram innan Fléttunnar.



M.3.3 Framsækið starfsumhverfi

M.3.3.2.1 Velferð á vinnustað. Að styðja við stjórnendur vinnustaða vegna fjarvista starfsmanna með fræðslu fyrir stjórnendur og starfsmenn, faglegum stuðningi.

Mælikvarði: Hlutfall stjórnenda sem telja að verkfæri, stuðningur og fræðsla hafi gagnast þeim – viðmið 80%)

Framgangur: Mælivarði náðist. Verkefnið heldur áfram yfir á árið 2024. Allir vinnustaðir undir menntasviði munu fara inn í verkefnið á árinu 2024 ásamt öðrum sviðum hjá Kópavogsbæ.



M.3.4 Aðstaða og aðbúnaður styður við nám og leik

M. 3.4.4.1 Koma á samstarfi við VÖLU skráningarkerfi um uppsetningu á valhapp fyrir VEGAN. Ljúka uppsetningu grænkeramatseðla í Timian næringarupplýsingakerfi (Origo). Halda áfram með reglubundna stöðufundi matreiðslumanna í grunnskólum og koma á viðlíka samstarfi meðal matráða í leikskólum. Halda fjölpætt fræðslunámskeið fyrir starfsfólk mötuneyta í leik- og grunnskólum allt árið.

Mælikvarði:Er grænkerafæði valkostur í öllum mötuneytum í grunnskólum Kópavogs?

Framgangur:Mælikvarði náðist. Verkefnið hefur verið fest í sessi.



M.4.1 Nútíma tæknibúnaður í öllu námi

M.4.1.1.1 Móta heildstæða áætlun um áframhaldandi þróun snjallvæðingar í leik- og grunnskólum í samræmi við mat á verkefni (2022) ásamt tímasettri aðgerðaáætlun með búnaðar- og kostnaðargreiningu sem liggja fyrir í árslok 2023.

Mælikvarði: Hefur áætlun verið samþykkt í menntaráði, leikskóla-nefnd, og kynnt stjórnendum undirstofnana og starfsfólki menntasviðs?

Framgangur: Mælikvarði náðist ekki. Vinnu seinkaði vegna seinkunar á niðurstöðu rannsóknar á innleiðingu spjaldtölva. Undirbúningur fyrir drög að áætlun er langt komin og verkefnið heldur áfram árið 2024.

4.1.2.1 Þýða, talsetja og staðfæra amerískt efni á vefnum. Í einhverjum tilvikum er ekki nægjanlegt að talsetja myndbönd heldur þarf að endurgera þau.

Mælikvarði: Hefur efnið verið þýtt, talsett og staðfært og er komið á vef?

Framgangur: Mælikvarði náðist ekki en endaði í 60%.

M.4.1.3.1 Vinna með Ásgarði ehf og tveimur grunnskólum að mótun á innleiðingaráætlunar og skilgreiningu á skólaþróunarverkefnunum. Þegar skólaþróunarverkefnin hafa verið skilgreind hefst í framhaldi innleiðingu á ASKI og því rafræna námsumsjónarkerfi sem mun halda utan um skólaþróunarverkefni.

Mælikvarði: Samþættingarverkefni eru aðgengileg í námsgagnatorgi Kópavogsbæjar.

Framgangur: Mælikvarði náðist og verkefni heldur áfram á árinu 2024.



M.4.1 Nútíma tæknibúnaður í öllu námi

M.4.1.4.1. Stöðug uppfærsla á rafrænni handbók í gangi fyrir kennara á yngsta stigi. Unni samkv. áætlun fyrir hvern grunnskóla sem byggir á þörfum fyrir handleiðslu, stuðning og fræðslu til kennara.

Mælikvarði: Könnun meðal kennara á yngsta stigi um hvernig notkunin hefur breyst – viðmið að 90% kennara hafi nýtt sér fræðslu og stuðning frá kennsluráðgjafa)

Framgangur:

M.4.1.5.1 Stofna vinnuhóp með fulltrúum skólastjórnenda kennara, grunnskóla- og frístundadeildar, foreldra og nemenda sem vinnur að mótun og útgáfu viðmiðunarnámskrár um stafræna borgaravitund. Fenginn verður sérfræðingur í námskrárfræðum til að rýna drög.

Mælikvarði: Hefur viðmiðunarnámskrá verið gefin út í lok árs 2023.

Framgangur: Mælikvarði náðist ekki. Unnið var markvisst í verkefninu en verkefnið reyndist umfangsmeira en gert var ráð fyrir. Verkefnið heldur áfram á árinu 2024.

M.4.1.6.1. Rýna alla hæfnipætti sem nauðsynlegt er að kennara búi yfir til að innleiða markviss mynda- og miðlalæsi, vinna viðmið um hæfni og gera könnun meðal kennara í leik- og grunnskólum. Skipuleggja endurmenntunarnámskeið á grundvelli.

Mælikvarði: Liggja fyrir viðmið um hæfni kennara í að innleiða mynda- og miðlalæsi. Birt verði dagskrá um endurmenntunarnámskeið fyrir haustmisseri 2023.

Framgangur: Mælikvarði náðist.



M.4.2 Fjölpættar leiðir til skapandi náms

M.4.2.1.1 Stofnaður verði samstarfshópur kennara og starfsfólks frístunda- og félagsmiðstöðva, og menningarhúsa um uppbyggingu Snillismiðja sem vinni þvert á listir, vísindi, bókmenntir og upplýsingatækni. Hópurinn skili af sér tillögu um uppbyggingu Snillismiðja í Kópavogi með tímasettum aðgerðum, búnaðar- og kostnaðargreiningu.

Mælikvarði: Liggur heildstæð tillaga um uppbyggingu Snillismiðju fyrir í lok árs 2023?

Framgangur: Mælikvarði náðist.

M.4.3 Samfella í tónlistaruppeldi

M.4.3.1 Vinna þarfagreiningu meðal notenda og síðan að mótun heildstæðrar áætlunar um samfellu í tónlistaruppeldi sem hefur það að markmiði að bæta aðstöðu og aðgengi barna að tónlistaruppeldi í Kópavogi. Með áætlun um samfellu fylgir aðgerðaáætlun forgangsverkefna ásamt búnaðar- og kostnaðargreiningu.

Mælikvarði: Hefur skýrsla starfshóps verið kynnt í menntaráði og leikskólanefnd og fyrir stjórnendum undirstofnana og starfsfólki menntasviðs fyrir árslok 2023?

Framgangur: Mælikvarði náðist ekki. Verkefnið verður unnið áfram á árinu 2024.



M.4.4 Jafn aðgangur að fjölbreyttu iðn- og tækninám

M.4.4.2.1 Vinna áfram með starfshópi náms- og starfsráðgjafa, stjórnenda í grunnskólum, foreldra og atvinnulífs í Kópavogi að þarfagreiningu og mótun tillögu um framtíðarfyrirkomulag samstarfs milli atvinnulífs og skóla í því miði að efla náms- og starfsfræðslu.

Mælikvarði: Er áætlun komin í framkvæmd haustið 2023 Já/nei?

Framgangur. Mælikvarði náðist ekki. Skýrsla er tilbúin og fer í kynningarferli 2024.



M 4.5 Sjálfbærni- og umhverfismenntun

M.4.5.2.1 Styðja við þróun, kynningu og notkun á vefsíðu um umhverfis- og náttúrumennt í samstarfi Náttúrufræðistofnunar í tengslum við innleiðingu Barnasáttmála (Aðgerð12). Aðgerð tengisaðgerð í áætlun umhverfissviðs um uppsetningu-skilta með QR-kóða á svæðum tilgreindum vef.

Mælikvarði: Fjöldi kennara í leik- og grunnskólum sem fengið hafa kynningu sem hlutfall af heild (amk 75%)

Framgangur: Mælikvarði náðist.



M.5.1 Þátttaka barna í frístunda- og íþróttastarfi

M. 5.1.1.1 Þróun heilsársvefs fyrir framboð frístunda og íþróttar í Kópavogi að fyrirmynd núverandi sumarvefs, s.s. Vala sumarfrístund. Vefur verði kominn í framkvæmd haustið 2022.

Mælikvarði 1: Hefur heilsársvefur verið opnaður?

Mælikvarði 2: Hlutfall notenda sem er ánægt með aðgengi að upplýsingum um framboð frístunda og íþróttar yfir 80%.

Framgangur: Mælikvarðar náðust ekki. Verkefnið tók breytingum og hefur verið ákveðið að þróa vinnuna áfram á vef Kópavogsbæjar.

M.5.1.3.1 Samhliða innleiðingu stuðnings við nemendur með fötlun til að sækja starf félagsmiðstöðva í öllum grunnskólum í Kópavogi, halda áfram vinnu við gerð verklags í kringum sértækt hópastarf og móta heildstæða tillögu, með kostnaðaráætlun, að útfærslu starfsins í framtíð.

Mælikvarði: Þátttaka í sértæku hópastarfi aukist um 10% á milli ára. Viðmiðunarár 2022.

Framgangur: Mælikvarði náðist. Verkefnið hefur verið fest í sessi.



M.5.1 Þátttaka barna í frístunda- og íþróttastarfi

M. 5.1.4.1 Halda áfram vinnu í vinnuhópi frístundaleiðbeinenda við að móta tillögur að framboði á frístundapjónustu og fræðslu við börn á aldrinum 10-12 ára, bæði í starfi félagsmiðstöðva og íþróttastarfi (jaðaríþróttir sérstaklega).

Mælikvarði: Fjöldi barna á miðstigi sem taka þátt í starfi félagsmiðstöðva, aukist um 10% á milli ára. Viðmiðunarár 2022.

Framgangur: Mælikvarði náðist.



M 5.2 Lífsgæði íbúa á öllum aldursstigum

M. 5.2.1.1 Áframhaldandi samstarf við Háskólann í Reykjavík varðandi mælingar á árangri verkefnis (fyrstu mælingar haustið 2022). Stefnt er að fjölgun iðkenda úr 200 á þessu ári í 305 á næsta ári auk þjónustu í félagsmiðstöðvum. Kostnaður 11 þús.kr. mánuði per þátttakenda m.v. 10 mán. á ári (Janus 29000).

Mælikvarði: 85% þátttakenda í verkefninu „Virgni og Vellíðan,, á árinu 2023 upplifi aukna andlega, félagslega og líkamlega vellíðan með þátttöku í verkefninu. Fjöldi eldri borgara sem hafa áhuga á þátttöku í hlutfalli við þátttakendafjölda.

Framgangur: Mælikvarði náðist.



M.5.3 Aðgengi og aðstaða til hreyfingar

M. 5.3.1.1 Vinnuteymi um þróun miðstöðvar útináms og umhverfisfræðslu skóla- og frístundastarfs hefji störf með stuðningi utanaðkomandi ráðgjafa og vinni að mótun tillagna ásamt kostnaðaráætlun. Tillögur ásamt framkvæmdaáætlun liggi fyrir við lok árs 2023.

Mælikvarði: Hafa tillögur um þróun Guðmundalundar verið lagðar fyrir menntaráð í lok árs 2023?

Framgangur: Mælikvarði náðist ekki. Verkefnið heldur áfram á árinu 2024.



M.5.4 Stuðningur við ungt fólk 16-25 ára

M. 5.4.1.1 Innleiða breytingar á þjónustu við ungt fólk í samræmi við samþykktar tillögur bæjarstjórnar um breyttar áherslur í þjónustu Molans. Þróa og móta starf ráðgjafa ungmenna við ungmennahúsið.

Mælikvarði: Ungt fólk 16-25 ára sem fer í hópastarf, og eða atvinnu- og starfsþjálfun í gegnum ungmennahúsið upplifi betri líðan og virkni (ánægjukönnun).

Framgangur: Mælikvarði náðist ekki vegna þess að ekki var tímabært að framkvæma könnun. Verkefninu þurfti að seinka vegna skipulagsbreytinga á þjónustu Molans um mitt ár 2023 og verður haldið áfram á árinu 2024.



M 5.5 Frístunda - og íþróttastarf barna með fjölbreyttar þarfir og ólíkan bakgrunn

M.5.5.1.1 Vinna verklag vegna umsóknar í miðlægan sjóð og gera mælingar varðandi þátttöku unglinga með fötlun í starfi félagsmiðstöðva skýrar, horft verði til þeirra félagsmiðstöðva sem hafa sérdeildir í sínum skóla.

Mælikvarði: Fjöldi þátttakenda úr sérdeildum í grunnskólum Kópavogs í starfi félagsmiðstöðva aukist um 10%.

Framgangur: Mælikvarði náðist. Verklag var unnið og verkefnið fest í sessi.

M.5.5.2.1 Kortleggja hvernig nýting frístundastyrks á meðal grunnskólabarna er í skólahverfum Kópavogs. Horft verði sérstaklega til þátttöku barna með annað móðurmál en ís.-l.

Mælikvarði: Að nýting frístundastyrks fyrir ákveðin hóp barna í ákveðnu skólahverfi aukist um 10% að ári.

Framgangur: Mælikvarði náðist ekki.